


## Biðlistar eftir völdum aðgerðum í febrúar 2018


Embætti landlæknis ber [lögum](#) samkvæmt að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Hluti af þessu eftirlitshlutverki er að fylgjast með stöðu á biðlistum eftir völdum skurðaðgerðum. Kallað er eftir upplýsingum frá ákveðnum aðgerðastöðum um stöðu á biðlistum eftir völdum aðgerðum þrisvar á ári. Greinargerðin miðast við stöðu á biðlistum í febrúar 2018. Þá er einnig tiltekinn fjöldi framkvæmdra aðgerða á árinu 2017. [Viðmiðunarmörk](#) Embættis landlæknis um ásættanlegan biðtíma eftir aðgerð eru 90 dagar eða 3 mánuðir. Víða erlendis er miðað við að 80% komist í aðgerð innan þess tíma og notast embættið jafnframt við þau viðmið í þessari úttekt.

Nú eru liðin um tvö ár frá því farið var af stað í þriggja ára áttak gegn biðlistum eftir liðskiptaaðgerðum, hjartaþræðingum og augasteinsaðgerðum með það fyrir augum að stytta bið, en bið hafði verið langt umfram tilgreind viðmiðunarmörk. Biðlistar eftir skurðaðgerð á augasteini og liðskiptaaðgerð hafa styst, þótt enn sé töluvert langt í land með að bið verði ásættanleg (mynd A). Gríðarlegur viðsnúningur hefur orðið í bið eftir skurðaðgerð á augasteini á Landspítala. Af þeim sem biðu eftir aðgerð þar í febrúar höfðu einungis 9% beðið lengur en 3 mánuði, en hlutfallið var 84% fyrir tveimur árum. Ekki hefur orðið viðlíka breyting á öðrum aðgerðastöðum, en á heildina litið hefur nú verið beðið eftir 38% aðgerða lengur en 3 mánuði (sjá nánar í kafla 1). Biðtími eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku er nú vel innan ásættanlegra marka, af þeim sem voru á biðlista í febrúar höfðu 7% beðið lengur en 3 mánuði. Bið eftir liðskiptum er áfram löng og talsvert fjarri viðmiðum um ásættanlegan biðtíma, en hefur þokast hægt í rétta átt. Af einstaklingum sem voru á biðlista eftir liðskiptaaðgerð á hné á þeim stöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu höfðu 66% beðið lengur en 3 mánuði nú í febrúar en hlutfallið var 74% fyrir ári. Af þeim sem biðu eftir liðskiptum á mjöðm höfðu 62% beðið lengur en 3 mánuði samanborið við 69% fyrir ári. Það er mikilvægt að halda áfram að vinna að styttingu biðlista, enda bíða margir lengi eftir að komast í liðskiptaaðgerð.



Mynd A. Aðgerðirnar sem eru tilgreindar á myndinni eru hluti af biðlistaátakinu. Myndin sýnir hlutfall aðgerða sem hafði verið beðið eftir skemur en í 3 mánuði á þeim aðgerðastöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu. Punktalínan sýnir viðmiðunarmörk um að 80% eigi að komast í aðgerð innan þriggja mánaða.

Mynd B er sams konar og mynd A, en sýnir biðlista eftir öðrum aðgerðum en þeim sem biðlistaátakið náði upphaflega til. Velferðarráðuneytið veitti auknu fjármagni, sem kom til framkvæmda í mars 2017, í valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna (einkum vegna legsigs og þvagleka) og brottnám legs. Hærra hlutfall kvenna hefur nú verið á biðlista skemur en 3 mánuði en fyrir ári, þótt enn sé langt í viðmiðið um 80%. Á heildina litið er ekki að sjá að biðlistar eftir öðrum aðgerðum hafi lengst vegna biðlistaátaksins.



Mynd B. Myndin sýnir hlutfall fólks sem var á biðlista eftir völdum aðgerðum og hafði verið á biðlistanum skemur en 3 mánuði. Punktalínan sýnir viðmiðunarmörk um að 80% eigi að komast í aðgerð innan þriggja mánaða. Fyrir utan valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna og brottnám legs eru aðgerðirnar sem eru tilgreindar á myndinni ekki hluti af biðlistaátaki.

Mikilvægt er að hafa í huga að í umfjöllun um bið er miðað við hve lengi fólk hefur beðið frá því það fór á biðlista. Þannig er tími sem fólk beið eftir að komast að hjá skurðlækni á aðgerðarstað, sem metur hvort ástæða sé til að gera aðgerð, ekki talinn með í biðtíma. Bið eftir tíma getur hlaupið á mánuðum en [ásættanleg bið](#) eftir skoðun hjá sérfræðingi er 30 dagar samkvæmt viðmiðum Embættis landlæknis.

Upphaflega var gert ráð fyrir að biðlistaátakið yrði til þriggja ára. Nú eru um tvö ár liðin og hefur það skilað umtalsverðum árangri í þeim aðgerðaflokkum sem það nær til. Brýnt er að halda til streitu áttakinu í þrjú ár og halda áfram svipuðum fjölda aðgerða ef biðlistar eiga ekki að lengjast að nýju.

Embætti landlæknis mun halda áfram að fylgjast með biðlistaáttakinu.


Leifur Bárðarson sviðsstjóri sviðs eftirlits og gæða

Laura Sch. Thorsteinsson staðgengill sviðsstjóra sviðs eftirlits og gæða

Agnes Gísladóttir verkefnisstjóri á heilbrigðisupplýsingasviði


## 1. Skurðaðgerð á augasteini

Í umfjöllun um skurðaðgerðir á augasteinum er átt við fjölda aðgerða, ekki einstaklinga. Einstaklingur sem biður eftir aðgerð á báðum augasteinum er því tvisvar á biðlista.



Mynd 1.1. Fjöldi framkvæmdra aðgerða


Árið 2013 voru gerðar 1.819 skurðaðgerðir á augasteinum en 2017 voru þær 4.713, sem jafngildir aukningu um 159%.



Mynd 1.2. Heildarfjöldi á biðlista. Biðlistaátakið hófst í mars 2016, Lasersjón varð hluti af átakinu í maí 2017.

Nú eru 1.085 á biðlista eftir skurðaðgerð á augasteini. Biðlistar hafa styst umtalsvert á síðustu misserum. Flestir biðu í júní 2016, eða 4.619, en fjöldinn var kominn niður í 1.696 í febrúar 2018. Í samanburði við fyrri ár er vert að geta þess að Lasersjón var ekki hluti af


biðlistaátakinu framan af og var biðlisti þar ekki talinn með í allri umfjöllun í fyrri greinargerðum. Í tölum frá Lasersjón fyrir febrúar 2018 er búið að taka út 231 einstakling sem fékk boð um aðgerð en vildi bíða lengur.



Mynd 1.3. Hlutfall aðgerða sem hafði verið beðið eftir lengur en 3 mánuði á Landspítala eða Sjúkrahúsinu á Akureyri


Ef horft er á biðlista á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri má sjá að þróun biðtíma sem er lengri en 3 mánuðir hefur verið mjög ólík. Á Landspítala hefur hlutfallið lækkað jafnt og þétt frá febrúar 2016 og er nú komið í 9%. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala var miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2017 23 vikur, en 15 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á síðustu 6 mánuðum. Ekki hefur orðið viðlíka viðsnúningur á Sjúkrahúsinu á Akureyri, þar sem 92% hafa nú beðið lengur en 3 mánuði. Ekki bárust skýringar á því frá sjúkrahúsinu.

## 2. Hjarta- og/eða kransæðamyndataka (kransæðavíkanir meðtaldar)



Mynd 2.1. Fjöldi aðgerða á Landspítala

Á árinu 2017 voru gerðar 1937 aðgerðir, ríflega 10% fleiri en á tímabilinu 1.2.2016-31.1.2017.




Mynd 2.2. Súlurnar sýna heildarfjölda á biðlista en línan sýnir hve hátt hlutfall fólks hafði beðið lengur en 3 mánuði (hægri y-ás).

Í febrúar 2018 voru 72 karlar og 29 konur á biðlista eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku. Það eru örlítið færri en biðu fyrir tveimur árum, þegar biðlistaátakinu var hleypt af stokkunum. Hlutfall fólks sem hafði beðið lengur en 3 mánuði hefur verið talsvert breytilegt milli tímabunda. Nú er hlutfallið einungis 7%, sem er mikil breyting frá síðustu innköllun þegar 41% hafði beðið lengur en viðmiðunarmörkin segja til um.

### 3. Liðskiptaaðgerðir


#### Hné



Mynd 3.1. Fjöldi aðgerða

Á árinu 2017 voru gerðar 777 aðgerðir á þeim aðgerðastöðum sem mynd 3.1. sýnir.

Á eftirfarandi myndum er fjallað um biðlista á þeim þremur aðgerðastöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu, þ.e. Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi.




Mynd 3.2. Heildarfjöldi á biðlista


Í febrúar 2018 voru 709 á biðlista eftir gervilið í hné, 340 karlar og 369 konur. Tveimur árum fyrr voru 867 á biðlista, þar af 568 á Landspítala. Nú bíða 440 á Landspítala, eða 22,5% færri.

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri biðu 113 núna en 125 fyrir tveimur árum og á Heilbrigðisstofnun Vesturlands biðu 156 nú í febrúar en 174 árið 2016 (mynd 3.2).

Af þessum 709 hafa 465 beðið lengur en 3 mánuði, eða 66% (mynd 3.3). Af þeim sem bíða á Landspítala hafa 285 eða 65% beðið svo lengi, á Sjúkrahúsinu á Akureyri eru það 59 eða 52% og 121 eða 78% á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi.



Mynd 3.3. Fjöldi fólks sem hafði beðið lengur en 3 mánuði eftir liðskiptum á hné




Mynd 3.4. Hlutfall fólks sem hafði beðið í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en 12 mánuði

Þegar bið er greind frekar má sjá að fækkað hefur mest í hópi þeirra sem höfðu beðið lengur en 12 mánuði eftir liðskiptum á hné. Á tveimur árum lækkaði hlutfall fólks sem hafði beðið 12 mánuði eða lengur úr 43% í 11%. Ef skoðað er hlutfall fólks sem hafði beðið 0-6 mánuði eftir aðgerð má sjá að í febrúar 2016 var það 31% en 62% í febrúar 2018. Miðgildi biðtíma á Landspítala var 58 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á tímabilinu 1.2.2016-31.1.2017 en 36 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð árið 2017. Ekki bárust upplýsingar um




miðgildi biðtíma á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Á Heilbrigðisstofnun Vesturlands var miðgildið 66 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á tímabilinu 1.2.2016-31.1.2017 en 64 vikur árið 2017. Breytingin er því töluverð á Landspítala þótt enn sé langt í land með að viðmiðunarmörk um að 80% komist í aðgerð innan þriggja mánaða náist.



Mynd 3.10. Heildarfjöldi á biðlista (súlur) og fjöldi framkvæmdra aðgerða (lína) á undangengnu 12 mánaða tímabili (þannig er miðað við fjölda aðgerða á tímabilinu 1.2.2015-31.1.2016 þar sem heildarfjöldi á biðlista í febrúar 2016 er sýndur. Fyrir febrúar 2018 er miðað við aðgerðir frá 1.1.2017-31.12.2017).

Frá 1.2.2015-31.1.2016 voru gerðar 329 aðgerðir en frá 1.2.2016-31.1.2017 voru þær 759. Þannig fjölgaði aðgerðum um 130%. Ef horft er á tölur frá febrúar 2016 til febrúar 2017 má sjá að á tímabili þar sem aðgerðir voru 759 fór heildarfjöldi á biðlista úr 867 í 738. Það fækkaði því einungis um 15% á biðlistanum, sem bendir til að nýjar beiðnir hafi verið margar. Litlar breytingar urðu á heildarfjölda á biðlista frá febrúar 2017 til febrúar 2018 og fjöldi aðgerða var svipaður.


## Mjöðm



Mynd 3.6. Fjöldi aðgerða

Á árinu 2017 voru gerðar 802 aðgerðir á þeim aðgerðastöðum sem mynd 3.5 sýnir. Þar af voru 186 bráðaaðgerðir (23%).


Á eftirfarandi myndum er fjallað um biðlista á þeim þremur aðgerðastöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu, þ.e. Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi.




Mynd 3.7. Heildarfjöldi á biðlista

Í febrúar 2018 voru 385 á biðlista eftir gervilið í mjöðm á tilgreindum aðgerðastöðum, 165 karlar og 220 konur. Fyrir tveimur árum, um það leyti sem biðlistaátakið hófst, voru 548 á biðlista. Það hefur því fækkað um 30% á biðlistum (mynd 3.7).

Af þessum 385 höfðu 239 beðið lengur en 3 mánuði, eða 62%. Af þeim sem biðu á Landspítala höfðu 126 eða 59% beðið svo lengi, á Sjúkrahúsinu á Akureyri voru það 39 einstaklingar eða 46% en 74 eða 86% þeirra sem biðu á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi (mynd 3.8).



Mynd 3.8. Fjöldi fólks sem hafði verið lengur en 3 mánuði á biðlista




Mynd 3.9. Hlutfall fólks sem hafði verið á biðlista í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en 12 mánuði

Þegar bið er greind frekar má sjá að fækkað hefur í hópi þeirra sem höfðu beðið lengur en 12 mánuði eftir liðskiptum á mjöðm. Á tveimur árum lækkaði hlutfall fólks sem hafði beðið 12 mánuði eða lengur úr 31% í 13%. Þeir sem höfðu beðið 0-6 mánuði voru um 40% í febrúar

2016 en 60% nú. Þróun er því jákvæð á heildina litið, en litlar breytingar hafa orðið á milli tveggja síðustu tímamunkta. Enn er talsvert langt í land með að viðmiðunarmörk um að 80% komist í aðgerð innan þriggja mánaða náist. Miðgildi biðtíma hjá þeim sem fóru í aðgerð á tímabilinu 1.2.2016-31.1.2017 var 33 vikur á Landspítala (LSH) og 50 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) en 26 vikur (LSH) og 61 vika (HVE) hjá þeim sem fóru í aðgerð 2017.

Rétt er að ítreka það sem nefnt var í inngangi að þessi biðtími miðast við tímamunkinn þegar skurðlæknir á viðkomandi sjúkrahúsi setur einstakling á biðlista eftir aðgerð. Bið eftir tíma hjá læknum er ekki talin með og getur verið langt umfram þá 30 daga sem miðað er við að ásættanlegt sé að bíða.




Mynd 3.10. Heildarfjöldi á biðlista (súlur) og fjöldi framkvæmdra aðgerða (lína) á undangengnu 12 mánaða tímabili (þannig er miðað við fjölda aðgerða á tímabilinu 1.2.2015-31.1.2016 þar sem heildarfjöldi á biðlista í febrúar 2016 er sýndur. Fyrir febrúar 2018 er miðað við aðgerðir frá 1.1.2017-31.12.2017).

Mynd 3.10 sýnir heildarfjölda á biðlista á þremur tímamunkum og fjölda framkvæmdra aðgerða á undangengnum 12 mánuðum. Frá 1.2.2015-31.1.2016 voru gerðar 489 aðgerðir en ári síðar voru þær 783. Þannig fjölgaði aðgerðum um 60% á milli fyrstu tveggja tímamunkta. Á sama tíma og aðgerðir voru 783 fór heildarfjöldi á biðlista úr 548 í 471. Það fækkaði því einungis um 14% á biðlistanum, svo nýjar beiðnir virðast hafa verið margar.


## 4. Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna

Auknu fjármagni, sem kom til framkvæmda í mars 2017, var veitt í valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna og brottám legs, til að stytta biðlista.




Mynd 4.1. Fjöldi aðgerða

Á árinu 2017 voru gerðar 444 aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna á þeim aðgerðastöðum sem sýndir eru á mynd 5.1. Þetta eru einkum aðgerðir vegna þvagleka og legsigs (aðgerðaflokkar KDSG, LESF og LESG samkvæmt [NSCP flokkun](#)). Árið 2013 voru aðgerðirnar 595 (þar af 4 á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem skýrir hvers vegna fjöldinn stemmir ekki ef tölurnar á grafinu eru lagðar saman). Aðgerðafjöldi var því um fjórðungi minni á árinu 2017 en 2013. Frá 1.2.2016 til 31.1.2017 voru gerðar 514 aðgerðir en á árinu 2017 voru þær 444 eins og áður sagði. Á heildina litið fækkaði aðgerðum því um 14% á milli þessara tímabila, en á Landspítala fjölgaði aðgerðum um 18%.




Mynd 4.2. Heildarfjöldi kvenna á biðlista

Í febrúar 2015 voru 327 konur á biðlista en nú bíða 207 konur eftir aðgerð í þessum flokki.



Mynd 4.3. Hlutfall kvenna sem hafði beðið lengur en 3 mánuði


Á fyrri hluta tímabilsins sem tilgreint er á mynd 4.3 höfðu um og yfir 3 af hverjum 4 konum sem voru á biðlista beðið lengur en 3 mánuði. Nú hafa 62% beðið svo lengi; 55% þeirra sem eru á biðlista á Landspítala og 72% þeirra sem bíða á Sjúkrahúsinu á Akureyri eða Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala árið 2017 var 25 vikur en 12 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, öllu styttri en hjá þeim sem fóru í aðgerð frá 1.2.2016-31.1.2017, þá var miðgildið 35 vikur á Landspítala og 20 vikur á HVE.



Mynd 4.4. Hlutfall kvenna sem hafði verið á biðlista í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en í 12 mánuði


Biðlistar hafa styst á undanförunum tveimur árum. Í febrúar 2016 höfðu 40% kvenna verið lengur en 12 mánuði á biðlista en nú er hlutfallið 18%. Ef skoðuð er bið í 0-6 mánuði hefur hlutfallið farið úr 41% í 62%. Þrátt fyrir jákvæðar breytingar eru biðlistar eftir völdum aðgerðum á grindarholslíffærum kvenna langt frá ásættanlegum mörkum.

## 5. Brottnám legs




Mynd 5.1. Fjöldi aðgerða

Alls voru gerðar 422 aðgerðir á árinu 2017. Árið 2013 voru aðgerðirnar 364 og frá 1.2.2016-31.1.2017 voru þær 399. Aðgerðarkóðum sem liggja að baki þessum flokki var breytt í innköllun í febrúar 2018 og því ber að gera samanburð við fyrri ár með fyrirvara. Kóða má sjá í töfluyfirliti sem finna má [hér](#).



Mynd 5.2. Heildarfjöldi á biðlista

Í febrúar 2018 biðu 115 konur eftir brottnámi legs. Það eru 35% færri en biðu í febrúar 2015 ef tilgreindir aðgerðastaðir eru skoðaðir. Í febrúar 2017 biðu 195 konur, svo fækkun á síðasta ári nam um 40% (mynd 5.2).




Mynd 5.3. Hlutfall kvenna sem hafði beðið í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en í 12 mánuði

Nú í febrúar höfðu 50% kvenna sem biðu eftir brottnámi legs beðið skemur en 3 mánuði. Hlutfall sem hafði beðið lengur en 3 mánuði var talsvert breytilegt á milli stofnana. Á Landspítala var það 60%, á Sjúkrahúsinu á Akureyri 56% en 35% á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi. Sextán konur (14%) höfðu beðið lengur en 12 mánuði, af þeim biðu 8 eftir aðgerð á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Miðgildi biðtíma hjá þeim sem fóru í aðgerð á árinu 2017 var 11 vikur á Landspítala og 14 vikur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Samsvarandi tölur voru 8 vikur og 20 vikur hjá konum sem fóru í aðgerð frá 1.2.2016 til 31.1.2017.




## Aðgerðir sem ekki eru hluti af biðlistaáttakinu

### 6. Aðgerð til brjóstaminnkunar



Mynd 6.1. Fjöldi aðgerða


Á árinu 2017 voru gerðar 62 aðgerðir til brjóstaminnkunar á þeim aðgerðastöðum sem sýndir eru á mynd 4.1. Fjöldi aðgerða frá 2013 hefur verið á bilinu 45-69 á ári.



Mynd 6.2. Fjöldi sem hafði beðið lengur en 3 mánuði

Fjölgað hefur jafnt og þétt í hópi þeirra sem hafa verið á biðlista eftir aðgerð til brjóstaminnkunar lengur en 3 mánuði á undanförunum árum. Í febrúar 2015 biðu 49 á Landspítala eða Sjúkrahúsinu á Akureyri en nú bíða 83. Það jafngildir aukningu um 69% á þremur árum. Ekki er fjallað um biðlista eftir aðgerðum sem gerðar eru á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Stofnunin er með samning við skurðlækni sem gerir aðgerðir þar, en stofnunin


hefur ekki upplýsingar um biðlistatölur þar sem viðkomandi skurðlæknir heldur utan um þær.



Mynd 6.3. Hlutfall þeirra sem hafði verið á biðlista í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en 12 mánuði eftir aðgerð á Landspítala eða Sjúkrahúsinu á Akureyri


Fjórar af hverjum 10 konum sem biðu eftir aðgerð til brjóstaminnkunar nú í febrúar höfðu beðið lengur en 12 mánuði. Það hlutfall hefur verið mjög hátt og aldrei farið niður fyrir þriðjung á síðustu tveimur árum. Ljóst er að bið eftir aðgerð til brjóstaminnkunar á Landspítala eða Sjúkrahúsinu á Akureyri er fjarri því að vera ásættanleg. Svo virðist sem ástandið fari þó batnandi, en samkvæmt upplýsingum frá Landspítala var miðgildi biðtíma 44 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á árinu 2017 en 23 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á síðustu 6 mánuðum.

## 7. Gallsteinaaðgerð




Mynd 7.1. Fjöldi aðgerða

Gerðar voru 843 gallsteinaaðgerðir á árinu 2017. Árið 2013 voru þær 708 þannig að aðgerðum hefur fjölgað um 19% síðan þá en um 8% frá síðasta tímabili.



Mynd 7.2. Heildarfjöldi á biðlista


Nú eru 125 einstaklingar á biðlista eftir gallsteinaaðgerð en voru 209 í febrúar 2015. Það hefur því fækkað um 40% á biðlistum í heild á þeim aðgerðastöðum sem sýndir eru á mynd 7.2.



Mynd 7.3. Hlutfall fólks sem hafði beðið lengur en 3 mánuði


Í febrúar 2018 höfðu 18% þeirra sem biðu eftir gallsteinaaðgerð beðið lengur en 3 mánuði, hlutfallið var 9% á Landspítala, 43% á Sjúkrahúsinu á Akureyri og 0% á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi. Í febrúar 2015 var hlutfallið 40% á heildina litið. Bið eftir gallsteinaaðgerð virðist því vera innan ásættanlegra marka.

## 8. Aðgerð á hjartalokum




Mynd 8.1. Fjöldi aðgerða

Árið 2017 voru gerðar 96 aðgerðir á hjartalokum. Nú í febrúar voru 38 á biðlista, 22 karlar og 16 konur, töluvert fleiri en verið hafa. Í október 2017 var 21 á biðlista, svo fjölgað hefur um 80% á biðlistanum. Hlutfall fólks sem hefur beðið lengur en 3 mánuði hefur ekki hækkað upp á síðkastið, en það er óásættanlegt að 18 einstaklingar af 38, eða 47%, hafi beðið lengur en sem nemur viðmiðunarmörkunum. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2017 var 7 vikur en var 9 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð frá 1.2.2015 til 31.1.2016 og 6 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð 1.2.2016 – 31.1.2017.




Mynd 8.2. Súlurnar sýna heildarfjölda á biðlista en línan sýnir hve hátt hlutfall fólks sem beðið hafði beðið lengur en 3 mánuði (hægri y-ás).

## 9. Brjóstnám



Mynd 9.1. Brjóstnám, fjöldi aðgerða


Meginþorri brjóstnámsaðgerða er gerður á Landspítala. Þar hefur aðgerðum fjölgað um u.þ.b. helming síðan 2013 (mynd 9.1). Í febrúar 2018 voru 17 konur á biðlista eftir aðgerð þar, 35% þeirra höfðu beðið lengur en 3 mánuði (mynd 9.2). Miðgildi biðtíma kvenna sem fóru í aðgerð á Landspítala á árinu 2017 var 3 vikur.



Mynd 9.2. Súlurnar sýna heildarfjölda á biðlista á Landspítala en línan sýnir hve hátt hlutfall kvenna sem beðið hafði beðið lengur en 3 mánuði (hægri y-ás).


Þar að auki biðu 10 konur eftir úrnámi brjósts *að hluta*, allar á Landspítala. Ein hafði beðið lengur en 3 mánuði. Gerðar voru 97 slíkar aðgerðir á Landspítala á síðasta ári, 15 á Sjúkrahúsinu á Akureyri og ein á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi.

## 10. Endurgerð brjósts




Mynd 10.1. Fjöldi aðgerða

Aðgerðir voru 56 á Landspítala árið 2017, töluvert fleiri en fyrri ár. Heildarfjöldi á biðlista hefur farið vaxandi frá febrúar 2015, nú í febrúar biðu 53 konur. Hlutfall kvenna sem hafði beðið lengur en 3 mánuði var 84% í október 2017 en var 55% nú í febrúar (mynd 10.2). Þá höfðu 22 konur (42%) beðið lengur en 6 mánuði og 8 (15%) beðið lengur en 12 mánuði. Bið eftir endurgerð brjósts er því fjarri ásættanlegum viðmiðum.




Mynd 10.2. Súlurnar sýna heildarfjölda á biðlista á Landspítala en línan sýnir hve hátt hlutfall kvenna hafði beðið lengur en 3 mánuði (hægri y-ás).

## 11. Brottnám hvekks um þvagrás



Mynd 11.1. Fjöldi aðgerða


Gerðar voru 119 aðgerðir á árinu 2017 á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi. Ef horft er á Landspítala sérstaklega má sjá að færri aðgerðir hafa ekki verið gerðar á tímabilinu (mynd 11.1). Í febrúar 2018 voru 56 karlar á biðlista eftir brottnámi hvekks um þvagrás. Af þeim höfðu 26 (46%) beðið lengur en 3 mánuði, 23 á Landspítala (49%) og 3 (38%) á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Sex höfðu beðið lengur en 6 mánuði (11%). Bið eftir brottnámi hvekks um þvagrás er því ekki ásættanleg.



Mynd 11.2. Súlurnar sýna heildarfjölda á biðlista á Landspítala en línan sýnir hve hátt hlutfall karla hafði beðið lengur en 3 mánuði (hægri y-ás).




## 12. Skurðaðgerð á maga vegna offitu




Mynd 12.1. Fjöldi aðgerða

Árið 2017 voru gerðar 396 skurðaðgerðir á maga vegna offitu á Landspítala, hjá Klíníkinni og Gravitas. Embættið kallar nú í fyrsta skipti eftir upplýsingum frá þeim síðastnefndu. Þrjár af hverjum fjórum aðgerðum voru gerðar af Gravitas, eða 296. Þá voru 58 gerðar á Klíníkinni, Ármúla (mynd 12.1).



Mynd 12.2. Heildarfjöldi á biðlista

Í febrúar 2018 voru 118 á biðlista eftir slíkri aðgerð (mynd 12.2), 63 biðu eftir aðgerð á Landspítala, 23 hjá Klíníkinni og 32 hjá Gravitas. Enginn hafði beðið lengur en 3 mánuði. Með biðtíma er átt við þann tíma sem fólk hefur beðið síðan það fór á biðlista eftir aðgerð en fólk getur þurft að gangast undir talsverðan undirbúning áður en það kemst á biðlista. Á Landspítala er til að mynda ekki tekið við beiðni um aðgerð fyrr en einstaklingur hefur hafið offitumeðferð á Reykjalundi. Meðferðin er heildræn og felur í sér lífstíls- og atferlismeðferð og fræðslu um aðgerðina. Haustið 2017 voru 160 einstaklingar á biðlista eftir að komast í slíka meðferð á Reykjalundi og biðtími þeirra sem höfðu fengið meðferð á undangengnum 12 mánuðum var um 10 mánuðir að meðaltali.



Mynd 12.3. Fjöldi á biðlista eftir aðgerð á Landspítala

Eins og sjá má á mynd 12.3 hefur mikil breyting orðið á biðlista á Landspítala. Samkvæmt upplýsingum frá spítalanum er það vegna vanskráningar í rafrænt kerfi til þessa. Nú bíða 63 en skráningu á biðlista var ábótavant áður.

### Samantekt á öðrum aðgerðum

- Þrír karlar bíða eftir kransæða aðgerð, enginn hefur beðið lengur en 3 mánuði.
- Sjö karlar bíða eftir aðgerð á blöðruhálskirtli, 1 hefur beðið lengur en 3 mánuði.
- Gerðar voru 48 aðgerðir vegna vélindabakflæðis og þindarslits á árinu 2017. Í febrúar 2018 voru 40 á biðlista eftir slíkri aðgerð, 26 (65%) höfðu beðið lengur en 3 mánuði.